



Heimilisfræði 1. - 4. bekkur

Í 1. – 4. bekk er misjafnt milli ára hversu marga tíma nemendur fá í heimilisfræði og því eru settir hér saman fjórir árgangar þar sem smátt og smátt er unnið að því að þessum viðmiðum nái nemendur í lok 4. bekkjar. Við fikrum okkur frá mjög einföldum verkefnum yfir í aðeins flóknari verkefni eftir því sem fram vindur.

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemendur geti:</p> <p><i>Matur og lífshættir</i></p> <p>Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti</p> <p>Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan</p> <p>Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif</p> <p>Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt</p> <p><i>Matur og vinnubrögð</i></p> <p>Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir</p> <p>Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld</p> <p>Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi</p> <p>Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir</p>	<p>Lögð eru fyrir ýmis verkefni í matargerð sem hæfa aldri. Allir tímar fela í sér verklega vinnu.</p> <p>Örstuttir fyrirlestrar um efni hvers tíma sem fylgt er eftir með verklegri vinnu sem tengist því sem um var rætt. Sýnikennsla þegar það á við.</p> <p>Einstaklingsaðstoð eftir þörfum.</p> <p>Notkun áhalda og hráefna eftir því sem við á hverju sinni.</p> <p>Fjallað er um hollustu og heilbrigða lífshætti og tengt við efni hvarrar kennslustundar. Rætt um hvað hægt er að gera til að borða hollari mat.</p> <p>Fjallað er um innkaup og muninn á því sem maður eldar sjálfur og því sem keypt er tilbúið. Skoðaðar umbúðir og innihaldslýsingar þegar það á við.</p> <p>Þrif, hreinlæti og frágangur eru hluti af hverjum tíma.</p>	<p>Hlusta:</p> <p>Leggja við hlustir þegar kennari er með fyrirlestra og taka þátt í umræðum.</p> <p>Verklegt:</p> <p>Elda/baka það sem kennari skipuleggur hverju sinni.</p> <p>Nota þær aðferðir og áhöld sem kennari leggur áherslu á hverju sinni.</p> <p>Sýna varkárni við vinnu sína í eldhúsinu og umgangast verkfæri og hráefni af virðingu.</p> <p>Fara eftir fyrirmælum varðandi umgengni og notkun tækja og áhalda</p> <p>Leggja sig fram og vera virkir í kennslustundum.</p>	<p>Frammistöðumat</p> <p>Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslu stendur.</p> <p>Þættir sem metnir eru: virkni, verkfærni og umgengni.</p> <p>Gefin er umsögn í lok tímabils og er henni fyrst og fremst ætlað að vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemendur og upplýsandi fyrir foreldra.</p>



<p><i>Matur og menning</i></p> <p>Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</p> <p><i>Matur og umhverfi</i></p> <p>Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni</p> <p>Skilið einfaldar umbúðamerkingar</p>			
--	--	--	--